

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 87/98
frá 25. september 1998

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/98 frá 31. júlí 1998⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/64/EB frá 10. nóvember 1997 um fjórðu aðlögun að tækniframförum á I. viðauka við tilskipun ráðsins 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnarsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinnna skaðlegra efna og efnablandna (lampolíur)⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. lið (tilskipun ráðsins 76/769/EBE) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **397 L 0064**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/64/EB frá 10. nóvember 1997 (Stjtið. EB L 315, 19.11.1997, bls. 13).“

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 315, 19.11.1997, bls. 13.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 97/64/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. september 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 25. september 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner